

Xd.

41. Tillaga

til þingsályktunar um skipun nefndar til að fhuga vatnamálin.

Flutningsmenn: Sveinn Ólafsson og Þorleifur Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa 5 manna nefnd til að fhuga og undirbúa vatnamálafrumvörp þau, er fyrir þinginu liggja.

Greinargerð.

Vatnamálafrumvörp þau, er fyrir liggja að þessu sinni, hafa í líkum búningi og nú legið fyrir 4 undanförnum þingum og jafnan sætt meðferð í auka-nefndum, nema 1920, þegar þau voru tekin af dagskrá við 1. umræðu vegna tímaskorts og gátu eigi komið fyrir aftur.

Nú hafa frv. þessi verið lögð fram í efri deild og vísað þar til allsherjarnefndar, sem bætt hefir við sig 2 mönnum vegna meðferðar þessara mála.

En eftir þeim mála fjölda, sem þegar hefir verið vísað til allsherjarnefndar neðri deildar, virðast litlar líkur til að henni vinnist tími til afgreiðslu á jafnumfangsmiklum málum og vatnamálunum, jafnvel þótt bætt yði mönnum í nefndina, og það því síður sem vatnamálin hljóta að tekjast nokkuð í efri deild. Þess vegna er einsætt, að sjerstök aukaneftnd hefir betri tíma og tækifæri til að afgreiða þessi mál.